


# EPDS OG GAD-7 SKRÁNING Í 9 VIKNA SKOÐUN


## SKRÁNING EPDS OG GAD-7 Í SJÚKRASKRÁ

1. Skimað er fyrir kvíða (GAD-7) og þunglyndi (EPDS) í 9 vikna skoðun samkvæmt [Vinnulagi við skimun og meðferð þunglyndis og kvíða í ung- og smábarnavernd](#).
2. Í 6 vikna skoðun er móður boðið að fá senda rafræna spurningalista í Heilsuveru vegna skimunarinnar. Útskýrt er að listarnir berist strax í Heilsuveru en viðkomandi beðinn um að svara þegar áminning berst 2 dögum fyrir 9 vikna skoðunina.

Í kjölfarið eru búin til samskipti með því að velja „Fjölsk.hjúkrun/Skimun“ úr sniðmálistanum.



Við það verða til samskipti sem eru flokkuð sem færsla án samskipta og innihalda einn spurningalista. Setja skal inn annað spurningalistaeyðublað úr lista yfir samskiptaseðla eða úr flýtblöðum notanda.



**Spurningalistarnir eru fylltir út fyrir hvorn lista á eftirfarandi hátt:**

- Valinn réttur spurningalisti úr vallista, GAD-7 á annað eyðublaðið og EPDS á hitt.
- Viðtakandi má svara einu sinni.
- **Áminning:** Velja „Einungis ef svar hefur ekki borist“ og setja inn dagsetningu sem er tveimur dögum fyrir 9 vikna skoðunina.
- **Tilefni: Ung- 9 vikur.**
- Skilaboð: Hægt er að skrifa skilaboð, ef vill.

**Staðfesta þarf báða spurningalistana.** Spurningalistar eru sendir til viðtakanda í Heilsuveru þegar þeir hafa verið staðfestir.

**Spurningalisti**

Flokkur  
(Allir spurningalistar) ...

Spurningalisti sem senda á  
EPDS (EPDS) ...

Viðtakandi má svara  
Einu sinni ...

Sendu áminningar  
Einungis ef svar hefur ekki borist ... 28.02.2022 ...

Spurningalistinn rennur út (má sleppa)  
... ..

Tilefni (má sleppa)  
Ung - 9 vikur ...

Skilaboð til einstaklings (má sleppa)  
Skilaboð til einstaklings ABC 🔍

Spurningalistinn verður sendur viðtakanda í HeilsuVeru þegar þetta blað er staðfest.

Dagsetning  
16.02.2022 ...

Leita ... 🔍 ✕ Leita ... 🔍 ✕

Undirritað af: Útfyllt af:

- Við staðfestingu/sendingu birtist textasýn af eyðublaðinu.

Spurningalisti **Edinborgarkvarðinn: Spurningalisti um líðan kvenna eftir barnsburð** 

Sendandi: Lilja Björk Kristinsdóttir, Hjúkrunarfræðingur, Heilsugæslan Mjóð

Listi sendur: 16.02.2022 kl. 18:28


Tilefni: Ung - 9 vikur

Áminningar: Áminning verður send ef svar hefur ekki borist 28.2 2022

Aðgerðir

Engin svör hafa borist.

3. Hjúkrunarfræðingur skoðar niðurstöðu úr EPDS og GAD-7 í 9 vikna skoðun.
  - Hægt er að sjá svörun EPDS og GAD-7 spurningalistana í **Eyðublaðaeiningunni** hjá móður/foreldri og í **Textasýn**.
  - Hægt er að sjá svörun allra EPDS og GAD-7 spurningalistana sem sendir eru frá heilsugæslustöðinni undir **Yfirlit stofnunar**. Niðurstöður er litakóðaðar miðað við skor. Einnig er hægt að sjá spurningalista sem ekki hefur verið svarað.
  
4. Samskipti eru skráð í sjúkraskrá móður. Nota skal sniðmátið „**Fjölskylduhjúkrun/9v skoðun**“ sem er tengt við **tímabókun** í afgreiðslukerfinu til að auðvelda skráningu í sjúkraskrá foreldra. Hægt að nota F8 (útfylling blaða) í afgreiðslukerfinu eða búa samskiptin til í eyðublaðaeiningu með því að velja rétt sniðmát úr listanum.



5. Skrá þarf tilefni, greiningu og úrlausn á Samskiptaseðil hjúkrunar:
  - **Tilefni:** Fjölskylduheilsufar (Gordon)
  - **Greining:**
    - Sérstök kembiskoðun, ótilgreind (ICD-10 Z13.9)
    - Vilji til að efla eigin aðlögunarleiðir (NANDA 158)
    - Aðrar greiningar sem við á
  - **Úrlausn:**
    - Kembileit (NIC 6520)
    - Virk hlustun (NIC 4920)

**Ekki er hægt að svara EPDS/GAD-7 rafrænt í gegnum síma eða tölvu**


1. Ef **ekki** er hægt að svara EPDS/GAD-7 rafrænt í gegnum síma eða tölvu þá eru spurningalistarnir lagðir fyrir í 9 vikna skoðun og niðurstöður eru skráðar í Sögu.
2. Þá þarf að skrá niðurstöður úr EPDS í þar til gerðan reit í **mælingarkafla samskiptaseðilsins**.

Mælingar			
Blóðþr. (efri)	Blóðþr. (neðri)	Púls (sl/mín)	Hiti
Þyngd (kg)	Hæð (cm)	Lps	Mittismál
Sjón (h)	Sjón (v)	Augnþr.(h) (mmHg)	Augnþr.(v) (mmHg)
HB	Sökk	Peak flow	Blóðs
EPDS 5	Legbotn (cm)		


3. Niðurstöður úr GAD-7 eru þá skráðar í reitnum **Geðkvarðar** undir **Mælingar**.

### Endurmat við 3, 5, 12 eða mánaða mánaða aldur

1. Fylgja þarf konum eftir samkvæmt [Vinnulagi við skimun og meðferð þunglyndis og kvíða í ung- og smábarnavernd](#). EPDS og GAD-7 endurmat við 3, 5, 12 eða 18 mánaða aldur eftir þörfum samkvæmt leiðbeiningum.
2. Við endurmat er valið „Fjölsk.hjúkrun/Skimun“ úr sniðmálistanum.




Við það verða til samskipti sem eru flokkuð sem færsla án samskipta og innihalda einn spurningalista. Setja skal inn annað spurningalistaeyðublað úr lista yfir samskiptaseðla eða úr flýtblöðum notanda.



**Spurningalistarnir eru fylltir út fyrir hvorn lista á eftirfarandi hátt:**

- Valinn réttur spurningalisti úr vallista, GAD-7 á annað eyðublaðið og EPDS á hitt.
- Viðtakandi má svara einu sinni.
- **Áminning:** Velja „Einungis ef svar hefur ekki borist“ og setja inn dagsetningu.
- **Tilefni: Ung- endurmat.**
- Skilaboð: Hægt er að skrifa skilaboð, ef vill.
- **Staðfesta þarf báða spurningalistana.** Spurningalistar eru sendir til viðtakanda í Heilsuveru þegar þeir hafa verið staðfestir.



**3. Hjúkrunarfræðingur skoðar niðurstöðu úr EPDS og GAD-7 og skráir í sjúkraskrá móður.**

- Skrá þarf tilefni, greiningu og úrlausn á Samskiptaseðil hjúkrunar.
- Nota skal þá sniðmátið **Fjölskylduhjúkrun/Viðtal** sem er tengt við tímabókun í afgreiðslukerfinu. Hægt er að nota F8 eða fara inn í eyðublaðaeininguna.

